

22. apríl 1981.

25

Nr. 11.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl.
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

27. tl. 3. gr. laganna orðist svo:

Að lækka eða fella niður gjöld af allt að 550 fólksbifreiðum fyrir fólk sem er fatlað á svo háu stigi að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis.

Lækkun gjalda af hverri bifreið má nema allt að 12 000 krónum og heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi allt að 24 000 krónum.

Þó skal heimilt að lækka gjöld af allt að 40 bifreiðum árlega um allt að 24 000 krónur fyrir þá sem mestir eru öryrkjar en geta þó ekið sjálfir sérstaklega útbúinni bifreið. Heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi má nema allt að 48 000 krónum af hverri bifreið samkvæmt þessari málsgrein.

Fjármálaráðherra er heimilt að breyta fjárhæðum skv. 2. og 3. málsg. til samræmis við þróun framfærsluvisitölu og vegna breytinga sem kunna að verða á aðflutningsgjöldum af bifreiðum.

Öryrki, sem fengið hefur eftirgjöf gjalda af bifreið samkvæmt ákvæðum þessarar heimildar, getur sótt um eftirgjöf að nýju að fjórum árum liðnum talið frá tollafgreiðsludegi bifreiðar vegna eldri eftirgjafar. Þó getur öryrki, sem fengið hefur eftirgjöf skv. 3. málsg., sótt um eftirgjöf að nýju að þremur árum liðnum.

Aðilar, sem njóta tollivilnunar skv. 41. tl. 3. gr., geta notið hálftrar ivilnunar skv. 2. málsg.

Fjármálaráðherra skipar sex manna nefnd er úrskurðar umsóknir og gerir tillögur um eftirgjöf gjalda af ofangreindum bifreiðum. Skulu fimm nefndarmenn vera lækna og skipaðir samkvæmt tilnefningu Öryrkjabandalags Íslands en sá sjötti skipaður án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar.

Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að lækka eða fella niður fyrir framangreint fólk gjöld af gervilimum sem ekki verða gerðir hér á landi svo og af áhöldum og hjálpartækjum sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa þess og henta ekki öðru fólk.

2. gr.

Á eftir 22. tl. 3. gr. laganna komi ný heimild er orðist svo:

23. Að heimila tímabundna afhendingu vara án greiðslu gjalda, til þess að fram geti farið á vörum þessum á ábyrgð farmflytjanda og innflytjanda nægileg aðvinnsla til að forða þeim frá rýrnun eða öðrum skemmdum. Heimild þessa má binda skilyrðum um vörslu og meðferð vörunnar, svo og að fullnægjandi tryggingar séu settar fyrir greiðslu áfallinna gjalda og öðrum kostnaði sem leiða kann af leyfisveitingunni. Heimild þessa má takmarka við ákveðna vöruflokka.

A 4

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 11 29. mars 1979 og lög nr. 19 30. apríl 1980.

Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.